

**Ed.**  
um fiskeldi í sjó.

## **14. Frumvarp til laga**

[14. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

### **1. gr.**

Til fiskeldis í sjó þarf leyfi sjávarútvegsráðuneytisins, sem veitir leyfið að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og veiðimálastjóra.

Með fiskeldi er átt við starfsemi, er miðar að því að ala fiskistofn, þar með talin krabbadýr og skeldýr, til afurða, svo sem með klaki, fóðrun, flutningi fiska og umbótum á lífsskilyrðum.

**2. gr.**

Leyfi til fiskeldis í sjó má veita einstaklingum, félögum og stofnunum, sem heimilt er að stunda fiskveiðar í landhelgi við Ísland, sbr. lög nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, og að eignast réttindi yfir fasteignum hér á landi, án þess að fá til þess sérstakt leyfi, sbr. lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Í leyfisumsókn skal greina þær fisktegundir, sem rækta á, svæði það, þar sem fiskeldi á að stunda, fyrirhuguð mannvirki í þágu fiskeldis og veiða og önnur atriði, sem máli skipta um undirbúning og framkvæmd fiskeldis.

**3. gr.**

Leyfi til fiskeldis í sjó skal að jafnaði veita til eigi skemmri tíma en 10 ára og eigi lengur en til 20 ára. Hið sama gildir um endurnýjun leyfis.

Sé fiskeldi eigi hafið innan tveggja ára frá leyfisveitingu, fellur leyfið niður.

**4. gr.**

Leyfi til fiskeldis í sjó skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir varðandi flutning fiska, sóttvarnir, veiðar, mannvirkjagerð, skýrslugjöf, heimild sérfræðinga til að fylgjast með fiskeldinu og önnur atriði, sem máli skipta.

Áskilja má, að fyrir leyfi til fiskeldis í sjó komi gjald, er renni í ríkissjóð. Ákveða má, að gjald þetta skuli vera tiltekið árgjald, er greiða eigi, á meðan leyfi er í gildi.

**5. gr.**

Leyfi til fiskeldis í sjó er bundið við nafn og aðilaskipti að því eru óheimil nema með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins. Þó má þrotabú leyfishafa halda fiskeldi áfram, meðan á skiptum stendur. Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er og heimilt að stunda fiskeldi áfram leyfistímann án nýs leyfis.

Sjávarútvegsráðuneytið getur afturkallað leyfi, ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að geta öðlazzt leyfi til fiskeldis í sjó, ef leyfishafi heldur ekki skilmála fyrir leyfi til fiskeldis eða brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim.

**6. gr.**

Þegar leyfi til fiskeldis fellur niður og fæst ekki endurnýjað, getur leyfishafi krafizt þess, að ríkissjóður kaupi mannvirki í þágu fiskeldis eftir mati, ef ætla má, að af þeim megi hafa arðbær not.

**7. gr.**

Veita má leyfishafa einkaheimild til nýtingar tiltekinna svæða sjávar og sjávarbotns í þágu fiskeldis og veiða. Er þessi heimild bundin sömu tímamörkum og leyfið sjálft. Um önnur not en einkaheimild leyfishafa nær til getur sjávarútvegsráðuneytið sett ákvæði með reglugerð, ef takmarkanir þykja nauðsynlegar vegna fiskeldisins. Setja má slíkar reglur um einstök afmörkuð svæði.

Ef nauðsyn krefur, getur sjávarútvegsráðuneytið leyft eignarnám vegna þeirra ákvarðana, sem getur í fyrri málsgrein þessarar greinar, og fer um eignarnámið að lögum um framkvæmd eignarnáms. Einnig má heimila eignarnám, ef þörf er á afnotum fjöru eða lands í þágu fiskeldis.

**8. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði friðunarlöggjafar getur sjávarútvegsráðuneytið heimilað, að á takmörkuðum svæðum verði framkvæmd eyðing fugla, fiska og eftir atvikum annarra dýra, sem talin verða skaðleg fiskeldi, eða gerðar aðrar viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum.

Sjávarútvegsráðuneytið getur leyft, að á svæðum, þar sem fiskeldi er stundað, séu notuð önnur veiðitæki en heimil eru samkvæmt fiskveiðilöggjöfinni. Á sama hátt má víkja frá ákvæðum um lágmarksstærð fisks, sem veiða má.

#### 9. gr.

Komi upp sjúkdómur í fiski, þar sem fiskeldi er stundað, getur sjávarútvegsráðuneytið fyrirskipað nauðsynlegar ráðstafanir til að útrýma sjúkdómnum og koma í veg fyrir smit, svo sem með sótthreinsun og eyðingu fisks.

#### 10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

#### 11. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 21 12. júní 1939, um ostrurækt.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### I. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta þing, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

Sums staðar erlendis hafa um alllangt skeið verið gerðar tilraunir með eldi sjávarfiska og vatnafiska í sjó eða sjóblöndu. Þá hefur ostrurækt víða verið um langan aldur mikilvæg atvinnugrein.

Hér á landi hefur vaknað áhugi á fiskirækt af ofangreindu tagi. Geta má þess, að á Alþingi 1938 var flutt frumvarp til laga um ostrurækt, friðun tiltekinna svæða á fjörðum inni vegna ostruræktar og einkaleyfi til ostruveiða á slíkum stöðum. Frumvarpið varð ekki útrætt á þessu þingi, en var flutt á ný á Alþingi 1939. Náði frumvarpið þá samþykki. Er hér um að ræða lög nr. 21 12. júní 1939 um ostrurækt, sem eru enn í gildi. Tildrög lagasetningar um þetta efni var málaleitun frá sænsku félagi, sem hafði áhuga á málinu. Af framkvæmdum varð hins vegar ekki, m. a. vegna síðari heimsstyrjaldarinnar.

Nefna má, að á Alþingi 1945 var samþykkt þingsályktunartillaga um athugun á fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu og á Alþingi 1946 þingsályktunartillaga varðandi sams konar athugun á Hvammsfirði.

Fyrir nokkru var hafin hér á landi ræktun silungs og lax í sjóblönduðu vatni. Í Lárósi á Snæfellsnesi hefur verið stunduð ræktun af því tagi. Á Alþingi 1959 var samþykkt þingsályktunartillaga á þá leið, að skorað væri á ríkisstjórnina að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung á hentugum stað á landinu, svo fljótt sem við yrði komið, á grundvelli lax- og silungsveiðilaganna frá 1957. Í fylgiskjali með tillögunni, þ. e. tillögum veiðimálastjóra til landbúnaðarráðuneytis um þetta mál, er þess getið, að meðal helztu verkefna tilraunaeldisstöðvar ríkisins verði tilraunir með klak og eldi laxkynjaðra fiska í fersku vatni, sjóblöndu og sjó (Alþt. 1959 A-deild, bls. 583—587).

Í lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er tekið fram, að eitt verkefna Hafrannsóknastofnunarinnar sé rannsóknir á fiskirækt og öllu, sem að þeim lýtur, áburð á sjó o. s. frv., sbr. 5. tl. 17. gr. Á Alþingi 1966 komu fram tvær

þingsályktunartillögur, sem lutu að því, að athugun yrði gerð á möguleikum á ræktun nytjafiska í sjó hér við land, til að mynda í fjörðum eða sjávarlönunum. Var þar einnig gert ráð fyrir ræktun sjávarfiska. (Alþt. 1966 A-deild, bls. 585—586 og bls. 872—873). Hvorug þessara tillagna varð útrædd. Áður munu slík mál hafa verið til umræðu á Fiskipingi og öðrum fundum útvegsmanna. Tillögur þessar voru endurfluttar á Alþingi 1967 og náðu þá fram að ganga. Á Alþingi 1970 var enn fremur samþykkt þingsályktunartillaga um það meðal annars, að rannsakað yrði, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskirækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa og annars staðar í fjörðum norðanlands.

Í fjárlögum fyrir árið 1971 og fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir kr. 300 þús. fjárveitingu til fiskiræktar í sjó.

Í íslenzkri löggjöf eru ekki önnur fyrirmæli um fiskirækt í sjó en ákvæði laga um friðun fiskistofna. Áhugi er hins vegar fyrir því að vinna að fiskirækt með öðrum ráðstöfunum, svo sem fiskeldi í lokuðum sjávarlönunum og fjörðum. Hefur verið talið æskilegt að setja löggjöf um fiskeldi í sjó, bæði eldi sjávarfiska og vatnafiska. Verður að telja eðlilegt, að slík löggjöf nái einnig til ræktunar skel-fisks og krabbadýra.

## II. Um meginefni frumvarpsins.

Eldi sjávarfiska er enn á tilraunastigi. Þykir ekki rétt, að í slíkar framkvæmdir sé ráðizt, nema fengin sé umsögn þeirra aðila, sem bezt eiga að þekkja til. Einnig ber að hafa í huga, að um ráðstafanir er að ræða, sem geta snert almanna-hagsmuni. Verða handhafar ríkisvalds að tryggja, að þeir verði ekki fyrir borð bornir. Það verður bezt gert með áskilnaði um, að leita þurfi leyfis ríkisins til fiskeldis í sjó. Er þá rétt, að slíkt leyfi sé bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg teljast í þessu skyni, t. d. um gerð mannvirkja og sóttvarnarráðstafanir. Þá er hugsanlegt, að fiskeldi verði stundað á svæðum sjávarbotns, sem íslenska ríkið telur sína eign, sbr. ákvæði laga nr. 17/1969. Þegar svo stendur á, er eðlilegt að ríkið hafi hönd í bagga með framkvæmdum.

Frumvarpið nær aðeins til fiskeldis í sjó, og eldis sjávarfiska í sjóblönduðu vatni. Hins vegar tekur það ekki til fiskeldis samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði sbr. orðskýringar í 1. gr. þeirra laga.

Óhjákvæmilegt er, að sá aðili, sem fiskeldi stundar, hafi á þeim svæðum, þar sem fiskeldið er stundað, bæði einkaheimild til fiskeldis og veiða. Ef um er að ræða nýtingu botnsvæða, sem eru eign íslenska ríkisins, þarf að sjálfsögðu að fá leyfi þess, sbr. lög nr. 17/1969. Einnig getur verið rétt, að leyfishafa sé heimilað eignarnám í þessu skyni, ef hann ræður ekki yfir nægilegum svæðum lands, fjöru, sjávar eða sjávarbotns til fiskeldis. Enn fremur getur þurft að takmarka önnur not af tilliti til fiskeldis og getur það gilt bæði um svæði, þar sem fiskeldi er stundað, og svæði utan þess. Fer þá eftir atvikum, hvort eignarnám er nauðsynlegt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að nauðsynlegt geti reynzt að víkja frá ákvæðum friðunarlöggjafar og laga um fiskveiðar, bæði vegna ráðstafana til verndar fiskeldi og til veiða á eldisfiski.

## III. Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

### Um 1. gr.

Ekki er álitid rétt, að hafizt verði handa um fiskeldi í sjó, nema umsögn sé fengin frá þeim aðilum, sem ætla má að bezt geti dæmt um, hvort árangurs sé af því að vænta. Af ákvæðum þessarar greinar verður ráðið, að með fiskeldi er ekki átt við fiskirækt, sem eingöngu er fólgin í friðun fiskistofns, heldur ýmsar beinar ráðstafanir, sem miða að því að ala fiskistofn til afurða, svo sem með klaki, fódrun,

tilflutningi fiska og umbótum á lífsskilyrðum fiska, meðal annars með mannvirkja-gerð. Hins vegar getur friðun að sjálfsögðu verið þáttur í þessum aðgerðum.

Tekið er af skarið, að frumvarpið taki einnig til skeldýra og krabbadýra.

#### Um 2. gr.

Ekki verður talið rétt, að fiskeldi sé leyft öðrum aðilum en þeim, sem mega stunda fiskveiðar hér við land og geta átt fasteignir hér á landi samkvæmt löggjöf þeirri, sem um það gildir á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 33/1922 um rétt til fiski-veiða í landhelgi og lög nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Gera verður kröfu til þess, að þeir, sem sækja um leyfi til að stunda fiskeldi í sjó, geri skýra grein fyrir öllum atriðum, sem máli skipta um undirbúning og framkvæmd fyrirhugaðs eldis. Að öðrum kosti verður ekki fært að meta, hvort veita eigi leyfi.

#### Um 3. gr.

Að vissum tíma liðnum getur verið ástæða til að taka til athugunar, hvort leyfa skuli áframhaldandi fiskeldi og þá eftir atvikum með hvaða skilyrðum. Í þessu sambandi er meðal annars rétt að hafa í huga, að leyfi getur fylgt heimild til vissra einkanota af eignum ríkisins og jafnvel annarra aðila, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að leyfi sé veitt til ákveðins tíma.

#### Um 4. gr.

Áður er gerð grein fyrir þeirri nauðsyn sem er á því, að leyfi séu bundin skilyrðum. Ef fiskeldi reynist arðbært, getur verið eðlilegt að áskilja leyfisgjald til ríkissjóðs, meðal annars vegna þess að heimiluð eru not af ríkiseign.

#### Um 5. gr.

Rétt hefur þótt, að aðilaskipti að leyfi séu takmörkum bundin og að heimild til afturköllunar leyfis sé ótvíræð, ef leyfisskilmálar eru ekki haldnir eða á annan hátt brotið beint eða óbeint gegn ákvæðum frumvarpsins.

#### Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir skyldu ríkisins til að kaupa mannvirki, sem hafa má arðbær not af, ef leyfi fellur niður. Er ákvæðið sett til að girða fyrir óeðlilegt fjártjón aðila, sem fiskeldi hefur stundað.

#### Um 7. gr.

Að öllum jafnaði yrði ekki öðrum aðilum veitt leyfi til fiskeldis en þeim, sem hefðu yfir að ráða hentugum stöðum í því skyni. Engan veginn er þó loku fyrir það skotið, að réttmætt geti reynzt að heimila leyfishafa afnot af eignum annarra í þessu skyni. Er þess vegna tekið ákvæði í frumvarpið um eignarnámsheimild. Er þar um að ræða heimild eignarnáms á afnotum um þann tíma, sem leyfi er veitt, en slíkt eignarnám hefur stundum verið nefnt leigunám. Einnig getur verið heppilegt að leyfishafi fái afnot af svæðum sjávar og sjávarbotns, sem ekki eru háð eignarréttindum einstaklinga. Lög nr. 17/1969 um yfirráðarétt Íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland verður að skýra svo, að Íslenzka ríkið hafi slegið eign sinni á þessi svæði sjávarbotns, og er því rétt að taka af skarið, að ríkið geti heimilað öðrum þau afnot af svæðum þessum, sem nánar greinir í umræddu frumvarpsákvæði.

#### Um 8. gr.

Fiskeldi getur með tvennum hætti gefið tilefni til þess, að vikið verði frá ákvæðum friðunarlöggjafar. Í fyrsta lagi geta eldisstöðvar orðið fyrir ásókn fugla, fiska og jafnvel annarra dýra, og getur af þeim sökum verið nauðsynlegt að gripa

til varnaraðgerða, sem að gagni koma. Í öðru lagi getur reynzt óhagkvæmt að veiði eldisfisks sé háð lagafyrirmælum um veiðitæki og lágmarksstærð fisks, sem veiða má. Eru ákvæði þessarar greinar frumvarpsins á þeim sjónarmiðum reist.

Um 9. gr.

Talið er, að eldisfiski sé hættara við sjúkdómum en öðrum fiski. Er því nauðsynlegt að heimild sé til skjótra og róttækra aðgerða til að útrýma og hefta útbreiðslu sjúkdóms, sem upp kynni að koma.

Um 10. gr.

Miklir hagsmunir geta verið í húfi, ef brotið er gegn ákvæðum frumvarpsins eða leyfisskilmálum og öðrum reglum, sem settar yrðu samkvæmt því, ef að lögum verður. Þykir rétt að verja þá hagsmuni með refsifyrirmælum og leggja sektarrefsingu við brotum.

Um 11. gr.

Ástæða getur verið til að setja nánari ákvæði með reglugerð, eftir atvikum um einstök atriði, sbr. t. d. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Frumvarpið fjallar um þann þátt eldis, sem lög nr. 21/1939 um ostrurækt taka til. Er því talið rétt, að þau lög falli úr gildi við gildistöku frumvarpsins.